

Mál 37/2017

Ár 2019, mánudaginn 25. mars, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 37/2017

Hundaræktarfélag Íslands

gegn

X

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður.

I. Málsméðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda Hundaræktarfélags Íslands sem barst siðanefnd 14. desember 2017 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða X hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ þar sem félaginu hafi borist gögn þess efnis sem staðfesta það að hún sem félagsmaður í HRFÍ sé að rækta tegundina Chihuahua í Rex með því að para saman rakkann A í hennar eigu saman við tíkina B, sem er ekki ættbókarfærð hjá Hundaræktarfélagi Íslands. Kærða sé einnig með ræktunarnafnið Y (samþykktu af FCI 13. apríl 2017).

Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 16. mars 2018 og með bréfi dagsettu 6. apríl 2018 til lögmanns kærðu var andmælafrestur framlengdur til 27. apríl 2018. Svar barst frá lögmanni kærðu dags. 16. maí 2018. Þar eð siðanefnd taldi að öll gögn er máli skiptu væru fram komin þá ákvað nefndin að taka málið til úrskurðar.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Óumdeilt er samkvæmt gögnum málsins þá var Chihuahua rakkinn A í eigu kærðu þegar hann var paraður við tíkina B, sem er ekki ættbókarfærð hjá Hundaræktarfélagi Íslands.

Jafnvel þó að kærða haldi því fram að um slysgot sé að ræða og hún hafi ekki haft aðkomu að þessari pörun þá var kærða skráður félagsmaður og eigandi umrædds rakka við pörun.

III. Forsendur

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ. Nota í hundaræktun aðeins viðurkennda hunda og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn.

Í grundvallarreglum HRFÍ frá 1. júní 2014 segir:

„1.4. Framfylgja lögum og reglum HRFÍ. Leggja sig fram um að uppfylla skyldur, sem fylgja því að halda hund og sniðganga ekki reglur og ákvarðanir HRFÍ. [...]

2. Ræktun

2.2. Rækta aðeins hunda sem eru ættbókarfærðir hjá Hundaræktarfélagi Íslands eða hjá viðurkenndu hundaræktarfélagi innan F.C.I.“

Í a lið 2. gr. 1. kafla laga Hundaræktarfélags Íslands er eitt af markmiðum félagsins að beita sér „fyrir hreinræktun og kynbótum hundakynja sem viðurkennd eru af Alþjóðasambandi hundaræktarféлага (Fédération Cynologique Internationale, F.C.I)“ og skv. 2. kafla laganna geta allir orðið félagsmenn sem áhuga hafa á málefnum HRFÍ og hafa ekki vanvirt markmið félagsins.

Að mati nefndar telst kærða brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ og mun sæta áminningu.

IV. Niðurstaða

Kærða X telst hafa gerst brotleg gegn grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærða er áminnt.

F.h. siðanefndar

Kristín Fjóra Fannberg

Hilmar Sigurgíslason

Kristín Sveinbjarnardóttir